

168 fangahúsinu dag og nótt, þegar fangar eru í því, og er jeg fús á að leggja það til við
2. des. ráðgjafann, að reynt verði að útvega fje það, sem með þarf til þessa, með fjárlögumum fyrir árin 1884 og 1885, en eins og yður, herra amtmaður er kunnugt, er engin heimild til þessara útgjalda í fjárlögum þeim, er alþingi hefir samþykkt fyrir árin 1882—83. Þar á móti samþykkjast hjer með tillögur yðar um, að daglaun fangavardarins verði hækkuð — sje það nauðsynlegt til þess að geta fengið áreiðanlegan mann — upp í 3 kr. 50 a. á tímabilinu frá 15. apríl til 15. oktbr. ár hvert, og upp í 1 kr. 75 a. um hinn tíma ársins með því skilyrði, að fangavörðurinn þá skuli dvelja í fangahúsinu stöðugt, á meðan að nokkur fangi situr þar.

169 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um
12. des. greptrun mannsbeina, er fundizt höfðu á afrjetti. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um áfryjun hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi á úrskurði yðar frá 10. maí þ. á., er skyldar tjeðan hrepp til að borga kostnaðinn við greptrun mannsbeina nokkurra, er veturinn 1879—80 fundust á fjallinu fyrir ofan Litlaland í Ölvesi, voru flutt þangað og síðar jörðuð við Hjallakirkju, vil jeg tjá yður það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

Ölveshreppur fer því fram, að mannsbein þessi hafi fundizt nálægt Grindaskarðsveginum í afrjettarlandi Selvogshrepps; en þessu hefir hreppsnefndin í Selvogshreppi ekki viljað vera samþykk, og hefir sýslumaðurinn í Árnæssýslu tekið fram, að þó beinin kynni að hafa fundizt nálægt Grindaskarðavegi, sje ekki þar með sagt, að það sje í Selvogslandi, heldur geti það eins vel verið í Ölveshreppi eða jafnvel í landi Gullbringusýslu. Þar sem þannig ekkert annað er áreiðanlega víst um mannsbein þau, er hjer rædir um, en að þau hafa verið grafin frá bæ í Ölveshreppi, og þar sem greptrunin fór fram án allrar tilllutunar af hálfu Selvogshrepps, getur sem stendur ekki komið til tals, að kostnaður sá, er hjer rædir um, verði greiddur af öðrum en Ölveshreppi; en vitaskuld er, að hreppur þessi á tilkall til endurgjalds frá framfærslusveit hins framliðna, verði það sannað á fullnægjandi hátt, hver hún hafi verið.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, skal úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á þetta mál, óraskaður standa.

170 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
19. des. flutning úr framfærslusveit og ólöglega húsmennsku. — Eptir að Jónas nokkur Jakobsson hafði í 7 ár búið í Helgastaðahreppi, varð hann jarðnæðislaus í fardögum 1867. Með því að hann var sveitlægur í næsta hreppi, Ljósavatnshreppi, þar sem hann var fœddur, fór hann með konu sína og barn til hreppstjóranna þar og voru jafnframt eigur hans með tilstyrk sveitarmanna úr Helgastaðahreppi fluttar vestur að Skjálfandafljóti, sem er á takmörkunum milli Helgastaða og Ljósavatnshreppa. Hjá hreppstjóranum í Ljósavatnshreppi dvaldi Jónas að eins 1½ viku, og kom þá sveitarstjórnin honum fyrir í húsmennsku á bœnum Ingjaldsstöðum í Helgastaðahrepp að fornspurðri sveitarstjórninni þar. Út af þessu var Jónas kærður um brot gegn 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 eða um ólöglega húsmennsku, en þó brot þetta væri nægilega sannað með rjettarprófi, var ekki höfðað mál út af því, og vorið 1868 fjeck Jónas aptur húsnæði í Helgastaðahreppi, og bjó þar, þangað til hann á útmánuðum 1872 beiddist sveitarstyrks, og